

EFTIRLITSSKÝRSLA

Benchmark Genetics Iceland hf. Vogavík



Dags eftirlits	21.8.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Snorri Benediktsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Auður Eyberg Helgadóttir og Julia Morozova	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu, varðandi að engar myndir voru teknar af frárennsli stöðvarinnar árið 2022. Fjórar ábendingar voru gerðar: 1) Huga þarf að nákvæmni mælinga á efnainnihaldi í vatnssýnum. 2) Tómunum ílátum undan spilliefnum skal reglulega koma í viðeigandi förgun svo þau safnist ekki upp í geymslu rekstraraðila. 3) Viðeigandi öryggisblöð skulu geymd þar sem spilliefni eru annað hvort geymd eða notuð. 4) Hindra skal aðgang villtra fugla að útrás stöðvarinnar.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Vogavík, Vogum á Vatnsleysuströnd.

Benchmark, Vogavík er með starfsleyfi sem var gefið út þann 16.12.2021 og tekur til eldis með allt að 500 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST
7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
8. Önnur mál
9. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Engar markverðar breytingar sem varða gildandi starfsleyfi, hafa orðið á starfseminni frá síðasta eftirliti.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi

Ársyfirliti og grænu bókhaldi var skilað á tilskildum tíma fyrir árið 2022. Samkvæmt útreikningum rekstraraðila var losun fosfórs árið 2022 innan heimildar í starfsleyfi. Rekstraraðila er þó bent á að huga að nákvæmni mælinga á magni fosfórs í frárennsli og senda eftirlitsaðila útreikninga á losun fosfórs.

Krafa er í starfsleyfi um að myndir séu teknar við útrásina tvisvar á ári. Engar myndir voru teknar árið 2022 og er það frávik frá starfsleyfi.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Áhættumatið var uppfært miðað við núverandi stöðu.

4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Umhverfisstofnun öðlaðist með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, heimild til álagninga stjórnvaldssekta.

5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun.

6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemtri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

8. Önnur mál

Sá farvegur sem dauðfiskur fór í þar til seint á síðasta ári hefur ekki verið í boði síðan þá og er hann því urðaður. Annar úrgangur fær viðeigandi meðhöndlun.

9. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Rekstraraðila er bent á að gæta þess að tómunum brúsum undan spilliefnum sé reglulega komið í viðeigandi förgun svo þeir safnist ekki upp í geymslu. Auk þess skal þess gætt að viðeigandi öryggisblöð séu geymd þar sem spilliefni eru annað hvort geymd eða notuð, en öryggisblöð voru ekki rétt staðsett í öllum tilfellum. Þegar eftirlitið fór fram sást talsvert af fugli við útrennsli sem nefnt er „outlet 2“. Rekstraraðila er bent á að skv. starfsleyfi skal rekstraraðili „hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja útrás stöðvarinnar“.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 3.5 í starfsleyfi

Engar myndir voru teknar við útrásina árið 2022 en slíkar myndir á að taka tvisvar á ári.

ÁBENDINGAR

Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Huga þarf að nákvæmni mælinga á efnainnihaldi, sérstaklega fosfórs, í vatnssýnum og senda eftirlitsaðila útreikninga á losun fosfórs.
- 2) Tómum ílátum undarn spilliefnum skal reglulega koma í viðeigandi förgun svo þeir safnst ekki upp í geymslu rekstraraðila.
- 3) Viðeigandi öryggisblöð skulu vera til staðar þar sem spilliefni eru annað hvort geymd eða notuð.
- 4) Talsvert af fugli sótti í eina af útrásum stöðvarinnar en samkvæmt starfsleyfi rekstraraðila skal hann „hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja útrás stöðvarinnar.“ Óskað er eftir áætlun frá rekstraraðila um hvernig hann hyggst bregðast við.


ANNAÐ

Eftirlit á vegum Orkustofnunar fór fram samhliða eftirliti Umhverfisstofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.09.2023



Freyr Ávarsson

